



## **MINNINGAR UM FYRRI HEIMSSTYRJÖLDINA** **Markmið og hlutverk sagnfræðinga og þjóðarleiðtoga**

**Fyrirlestur forseta Íslands**  
**Guðna Th. Jóhannessonar**  
**á alþjóðlegu málþingi við Háskóla Íslands,**  
**„Lok fyrri heimsstyrjaldar og fullveldið“**

**23. nóvember 2018**

Við minnumst þess nú um stundir að öld er frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Stríðið er löngu liðið, minningar sveipaðar hulu tímans. Reiði, tregi og heift ríkja ekki í hugum almennings og valdhafa í Evrópu og víðar eins og raunin var eftir átökin. Minningar frá árum fyrri heimsstyrjaldar og lyktum hennar eru auk þess mismunandi milli landa. Hér á Íslandi leiddi stríðið til skorts og hafta. Íbúar Vesturheims af íslensku bergi brotnu börðust á vígstöðvunum og því knúði sorgin líka dyra hjá íslenskum fjölskyldum. En vígvöllurinn sjálfur var fjarri Íslands ströndum. Í sameiginlegu minni Íslendinga lifir 1918 ekki vegna þess að þá lauk hildarleiknum. Miklu frekar er árið þekkt sem ár hafíss og harðinda, mikils eldgoss og skæðrar farsóttar. Þar að auki er 1918 ár gleðitíðinda og bjartra tímamóta. Þá varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Stórt skref var stigið í sjálfstæðisbaráttu sem hófst um miðja fyrri öld og lauk með lýðveldisstofnun árið 1944, í öðru stríði, og er það önnur saga.

Já, minningar þjóða eru ekki steiptar í sama mót. Sama gildir auðvitað um einstaklinga – og ekki aðeins þá sem stóðu í eldlínunni heldur líka hina sem síðar koma og rýna í liðna tíð. Þannig má ætla að sagnfræðingur og þjóðarleiðtogi líti sögu fyrri heimsstyrjaldarinnar ólíkum augum. Um leið má ætla að vandi skapist þegar þessir tveir titlar fylgja sama manningum.

Af þessum sjónarhóli velti ég fyrir mér minningum um fyrri heimsstyrjöldina, markmiðum og hlutverk sagnfræðinga og þjóðarleiðtoga þá og nú. Hvað voru leiðtogarnir að gera í aðdraganda

hildarleiksins, meðan á honum stóð og þegar yfir lauk? Var það ekki Vilhjálmur II Þýskalandskeisari sem bar mikla ábyrgð á því að stríðið braust út, fullur þjóðrembu og ofsa? Og var það ekki hinn franskí Clemenceau sem réð miklu um afarkosti Versalásamninganna, heiftúðugur og hefnigjarn? Eða fylgdu þeir og aðrir aðeins hinum þunga straumi sögunnar? Liggja orsakir stríðsins dýpra en í hugum einstakra valdhafa, og mætti þá ekki líka segja það sama um eðli friðarsamkomulagsins? Eru meira að segja valdamestu einstaklingar leiksoppar sögunnar, einhvers konar svefngenglar?

Og hvað með sagnfræðingana? Skipti þeirra starfi nokkru máli? „Sagan er gersamlega gagnslaus,“ sagði Henry Ford í miðri fyrri heimsstyrjöldinni. Var það virkilega svo? Fyrir 1914 vildu flestir sagnfræðingar vinna í þágu sinnar þjóðar, síns þjóðríkis eða stórveldis. Hér á Íslandi var til dæmis hampað þrískiptri sögu þjóðar sem átti sér gullöld og sjálfstæði til forna, þurfti svo að þola erlenda ánauð en hefði á ný vaknað til vitundar um glæsta sögu og rétt til að standa á eigin fótum. Frásagnir af þessu tagi hlutu að sjálfsögðu hljómgrunn meðal landsmanna. Seint getum við þó sakað íslenska sagnaritara um að hafa valdið stríði, og tæpast heldur þá sem skópu svipaðar þjóðarsögur innan Habsborgarveldisins þótt aukin þjóðernisvitund þar hafi eflaust ráðið talsverðu um rás viðburðanna í aðdraganda styrjaldarinnar.

En hvað með ábyrgð sagnfræðinga í hinum valdameiri ríkjum? Ég freistast hér auðvitað til einföldunar en andúð á Þjóðverjum og ást á Frakklandi einkenndi skrif margra franskra sagnfræðinga. Liðsmenn „prússneska skólans“ í fræðunum mótuðu þjóðrembulega söguskoðun í sínum heimahögum, í Bretlandi lofuðu margir sagnfræðingar breska heimsveldið og yfirburði engilsaxa. Einnig mætti nefna sérstakt dæmi: Þýskalandskeisari og þeir sem mótuðu utanríkisstefnu Bretlands hrifust sannarlega af skrifum Alfreds Mahans um mikilvægi þess að geta sýnt mátt sinn og megin á höfunum. „Enn einu sinni hafði sagnfræðingur komið að því að skapa söguna auk þess að skrá hana,“ skrifaði G. P. Gooch í bók sinni um sagnfræðinga og söguspeki nítjándu aldar.

Svo kom stríð og allir þurftu að leggjast á eitt. Liðin tíð varð að vopni í átökunum. Í Bandaríkjunum var þónokkrum sagnfræðingum vikið úr starfi fyrir að vera á móti þátttöku í styrjöldinni. Í nýlegu yfirliti sínu um sagnaritun síðustu alda staðhæfðu þeir Georg Iggers og Q. Edward Wang að aldrei fyrr hefðu valdhafar á Vesturlöndum nýtt sér skrif sagnfræðinga með eins áhrifaríkum hætti í áróðri sínum.

Í stríðslok skrifuðu sigurvegararnir svo söguna. Að því kom að þeir vildu láta skjölin tala sínu máli, birtu aragrúa gagna sem skyldu styðja þá

niðurstöðu að stríðsæsingaöfl í Berlín og Vínarborg hefðu efnt til ófriðarins. Reyndar höfðu þýsk stjórnvöld hafið leikinn með birtingu heimilda sem var ætlað að afsanna slíkar ásakanir. Um leið voru þeir sagnfræðingar þó til sem vildu horfa víðar í tíma og rúmi. Á alþjóðasagnfræðinginu í Osló árið 1928 var ákveðið að stofna nefnd sem skyldi endurskoða kennslubækur í sögu; ríkur vilji virtist til þess að nota liðna tíð í þágu friðar og alþjóðasamvinnu.

Allt var það til einskis. Aftur braust út ófriður. Að honum loknum var aftur reynt að beita sögunni til góðs. Í Menningarsáttmála Evrópu, sem Evrópuráðið lagði fram árið 1954, lofa aðildarríkin að stuðla að aukinni einingu í álfunni, meðal annars með því að nota sögukennslu í þá veru. Að seinni heimsstyrjöld lokinni héldu sagnfræðingar auk þess áfram að rýna í orsakir þeirrar fyrri. Fritz Fischer lagði þær línur sem enn njóta hylli, um meginábyrgð Þýskalandskeisara og þýskra valdhafa. Í magnaðri lýsingu Barböru Tuchman á aðdraganda hildarleiksins skipti þó líka miklu máli hvernig áhrifamenn virtust leiksoppar örlaganna og vissu ekki fyrir en byssurnar tóku að öskra í ágúst 1914. Vitað er að bók Tuchmans hafði áhrif á þankagang Johns F. Kennedy í Kúbudeilunni og hér má þá að minnsta kosti finna dæmi þess að sagnaritun um fyrri stríð hafi haft áhrif til góðs. Fyrir skemmstu heillaðist Angela Merkel Þýskalandskanslari líka af doðranti landa síns, sagnfræðingsins Jürgens Osterhammels, um alþjóðavæðingu [globalization] nítjándu aldar sem fyrri styrjöldin hefði bundið enda á, illu heilli. Hermt er að sá boðskapur hafi greinilega mótað afstöðu hennar í utanríkis- og innflytjendamálum að einhverju leyti.

Þar fyrir utan stefna yfirþjóðleg samtök og stofnanir áfram að því að skapa sögu sem laði fólk frekar að friði og samvinnu en þjóðrembu, öfgum og átökum. Heiti á nýlegu alþjóðaverkefni Evrópuráðsins segir sína sögu, „Educating for diversity and democracy. Teaching history in contemporary Europe.“ Titlar útgefinna rita eru einnig lýsandi, „Shared histories for a Europe without dividing lines“, og nýjasta verkinu, „Quality history education in the 21st century“, er fylgt úr hlaði með þessum orðum: „Sögukennsla skiptir miklu máli því að mæta þarf þeim pólitísku, menningarlegu og félagslegu áskorunum sem nú eru uppi í Evrópu, einkum þeim sem lúta að aukinni fjölbreytni, aðlögun innflytjenda og flóttafólks. Í þessu sambandi þarf einnig að nefna árásir á lýðræði og lýðræðisleg gildi.“

Já, sagnaritun getur mótað hugi fólks. Við skulum hins vegar varast að gera of mikið úr afli sagnfræðinganna. Eflaust má leiða að því að rök að skrif skáldanna og rithöfundanna hafi frekar haft vægi í þessum efnum, kvæði Wilfreds Owens eða Johns McCrae, *Vopnin kvödd* eftir

Hemingway og verk Remarques, *Tíðindalaust á vesturvígstöðvunum*, að ekki sé minnst á bresku *Blackadder*-þættina; þeir hafa væntanlega haft meiri áhrif á sýn nokkurra breskra kynslóða á fyrra stríð en nokkurt sagnfræðirit, og jafnvel víðar.

Við verðum að viðurkenna að þrátt fyrir góðan vilja og þau dæmi sem nefna má hefur sagnfræðingum og stofnunum ekki gengið svo vel í gegnum tíðina að berjast gegn misnotkun sögunnar. Við verðum einmitt líka að viðurkenna að fullur friður hefur ekki ríkt í álfunni eftir heimsstyrjaldirnar tvær. Á Balkanskaga geisaði borgarastyrjöld þar sem sögunni og stækri þjóðernishyggju var miskunnarlaust beitt. „Usable History?“ heitir bók danska sagnfræðingsins Teu Sindbæk Andersens, eitt mýmargra verka um þennan mikilvæga þátt átakanna.

Rifjum þá í lokin upp orð Fords í fyrra stríði um tilgangsleysi sögunnar. Í upphafi þessarar aldar kvað við nákvæmlega sama tón hjá einum ráðgjafa Bandaríkjaforseta. „Við erum *skaparar* sögunnar,“ sagði hann við blaðamann sem var að skrifa bók um forsetann, „og þið, þið hin, munið bara dunda ykkur við að *rannsaka* það sem við gerum.“

Já, með fullri virðingu fyrir sagnfræðingum er það kannski ekki sagan sem er áhrifalítill, heldur við sagnfræðingarnir. En er það þá ekki allt í lagi? Þetta áhrifaleysi er þá ekki síst til komið vegna þess að um okkar daga telja sagnfræðingar það ekki vera skyldu sína að skrifa í þágu valdhafa í ríki sínu.

Í höndum annarra getur sagan hins vegar áfram orðið að öfluglu tæki, til góðs eða ills. Nú þegar við minnumst endaloka fyrri heimsstyrjaldarinnar ættum við því frekar að horfa til þjóðarleiðtoganna, fulltrúa smárra ríkja og stórra. Hvernig minnast þeir hildarleiksins? Réttri öld eftir vopnahlésdaginn mikla, 11. nóvember 1918, söfnuðust þeir margir saman í París. Þeir sem tóku til máls minntust þeirra sem létu lífið í stríðinu. Þeir lofuðu að leita allra leiða til að friður ríki í heiminum. Þeir höfnuðu þjóðrembu, öfgum og hatri.

Þetta voru göfug orð. Og leiðtogarnir mæltu auðvitað hver í nafni síns ríkis. „Lifi Frakkland!“ voru lokaorð gestgjafans Emmanuels Macrons. Brýnt er að fólk geti sýnt þjóðrækni í orði og verki, fræðst um eigin sögu og menningararf, fyllst stolti þegar svo ber undir, sorg eða reiði þegar það á við. „Við eigum að bera í brjósti heilbrigða ættjarðarást,“ sagði ég sjálfur ytra: „En sú tilfinning á ekkert skilið við illsku og hatur í garð annarra, upphafningu á eigin ágæti. Við verðum að varast það að þjóðremba leiði til svipaðra hörmunga og við minnumst hér með þessum fundi.“

Þetta hefði ég líka sagt sem sagnfræðingur í fræðasamfélagi. Við þurfum ekki frásagnir um liðna tíð sem þjóna ákveðnum málstað, hvorki þær sem litast af þjóðrembu né þær sem gera lítið úr einkennum þjóða og einstakri fortíð þeirra. En við verðum að þora og mega segja söguna eins og við teljum að henni hafi undið fram, í hvaða landi sem er, hvort sem valdhöfum líkar betur eða verr.

Höldum því áfram að rifja upp hörmungar fyrri heimsstyrjaldar, sagnfræðingar, þjóðarleiðtogar og allir aðrir, minnug þess sem getur gerst en vongóð vegna þess að það er betra að vera bjartsýnn en óttasleginn. En það er líka betra að vera á verði en fljóta sofandi að feigðarósi.